

## **5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011**

### **Ályktun um nýjar úthlutunarreglur Verkefna- og námsstyrkjasjóðs**

Aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 beinir því til nýrra fulltrúa FG í stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs - Vonarsjóðs að þeir endurskoði þær breytingar sem gerðar voru á úthlutunarreglum Vonarsjóðs þar sem þær mismuna félagsmönnum eftir búsetu eftir að ferðastyrkur var færður inn í heildarupphæð einstaklingsstyrksins.